

Um hvað snýst þessi kynning?

Í tengslum við kynningu sína, „Revolut x Influencer Top Up“ („**kynninguna**“) býður Revolut væntanlegum viðskiptavinum í völdum löndum („**gjaldgengu mörkuðunum**“) tækifæri til að skrá sig í Revolut í fyrsta sinn með því að nota hlekk eða kóða frá samstarfsaðila Revolut, svo sem reikningsstjórnanda á YouTube eða Instagram eða hlaðvarpsstjórnanda („**samstarfsaðilanum**“) og fá áfyllingartilboð („**tilboðið**“).

Til að taka þátt í þessari kynningu verðurðu að uppfylla hæfisskilyrðin og ljúka þeim áskildu skrefum sem sett eru fram í þessum kynningarskilmálum. Kynningin stendur yfir í tiltekinn tíma („**kynningartímabilið**“). Kynningartímabilið, gjaldgengir markaðir og upphæð tilboðsins koma fram með skýrum hætti á Revolut-síðunni þegar þú smellir á einkvæma hlekkinn fyrir kynningartilboðið („**lendingarsíðunni**“).

Skilmálarnir sem gilda um kynninguna samanstanda af þessum skilmálum og upplýsingunum á lendingarsíðunni (saman „**kynningarskilmálarnir**“), auk [persónulegu skimálanna](#) sem gilda um Revolut-notandareikninginn allan þann tíma sem þú tekur þátt í kynningunni.

Þessir skilmálar gilda um ýmis mismunandi kynningartilboð (sem hvert um sig nefnist „**Revolut x áhrifavaldur kynning**“).

Hvað þarf ég að gera til að taka þátt í þessari kynningu?

Til að geta tekið þátt í kynningunni verðurðu að uppfylla eftirfarandi „**skilyrði fyrir þátttöku**“:

- búa á heimilisfangi á gjaldgengum markaði;
- vera a.m.k. 18 ára gamall; og
- ekki eiga eða hafa áður átt Revolut-notandareikning hjá einhverri einingu innan Revolut-samstæðunnar.

Þú verður einnig að ljúka eftirfarandi „**nauðsynlegumskrefum**“:

- **Smella á einkvæma hlekkinn** sem samstarfsaðilinn gefur upp og gefa upp símanúmerið þitt. Þegar þú hefur gefið upp símanúmerið þitt verður þér vísað í nýskráningarferli Revolut-forritsins fyrir Revolut-notandareikninginn;
- **Stofna Revolut-notandareikning** í fyrsta skipti í gegnum einkvæma kynningartengilinn; og

- **Framkvæma eina eða fleiri greiðslur með sýndarkorti eða ápreifanlegu Revolut-korti samkvæmt skilgreiningunni á lendingarsíðunni.** Áskilið heildarvirði viðskiptanna er tilgreint á lendingarsíðunni. Hægt er að greiða með sýndarkorti eða ápreifanlegu Revolut korti sem er tengt við Revolut-notandareikninginn þinn. Hver færsla verður einnig að vera raunveruleg kaup til að teljast með í heildarfjárhæðinni (til dæmis eru færslur til greiðslumiðlana, annarra bankareikninga og netveskja ekki raunveruleg kaup).

Ljúka verður öllum þessum nauðsynlegu skrefum verður að ljúka á **kynningartímabilinu**.

Þú verður að nota einkvæma kynningartengilinn sem fylgir með þessari kynningu til að skrá þig fyrir Revolut-notandareikningi. Ef þú nýskráir þig með venjulegu ferli til að stofna reikning í forritinu okkar geturðu ekki tekið þátt í þessari kynningu.

Hvaða aðrar lagalegar upplýsingar þarf ég að hafa?

1. Við gætum stöðvað tímabundið eða lokið kynningunni fyrir lokadag kynningartímabilsins ef kynningin er misnotuð eða kann að hafa neikvæð áhrif á viðskiptavild eða orðspor Revolut. Við kunnum að binda enda á kynninguna fyrir einn samstarfsaðila, marga samstarfsaðila eða alla samstarfsaðila. Hafðu samband við þjónustuver ef þú telur þig eiga rétt á tilteknu tilboði í tengslum við kynninguna sem þú hefur ekki fengið vegna þess að kynningin var stöðvuð tímabundið eða henni lokið snemma.
2. Ef við ætlum að breyta eða hætta við kynninguna áður en kynningartímabilinu lýkur tilkynnum við þér um það í Revolut-forritinu og með tölvupósti. Breytingar á kynningarskilmálunum hafa ekki áhrif á réttindi þín ef þú hefur þegar tekið þátt í kynningunni.
3. Við áskiljum okkur rétt til að afturkalla tilboðið á kynningartímabilinu eða eftir það ef þér er endurgreidd greiðslan sem tryggði þér tilboðið, ef þú vannst þér inn tilboðið með sviksamlegum hætti, ef þú braust gegn skilmálunum sem eiga við um Revolut-reikninginn þinn til að fá tilboðið eða ef við verðum þess áskynja að þú fórst ekki að þessum kynningarskilmálum. Við munum líta svo á að afturköllun tilboða hafi verið gerð með samþykki þínu og að þú hafir heimilað greiðsluna.
4. Ef þú lokar Revolut-reikningnum þínum eða ef við lokum eða takmörkum reikninginn þinn áður en við leggjum tilboðið inn á reikninginn þinn eða á tímabilinu frá því að þú uppfyllir skilyrði tilboðsins og þar til þú fékkst tilboðið, sem þú áttir rétt á samkvæmt þessari kynningu, missir þú allan rétt á tilboðinu.

5. Atburðir sem eru ekki undir stjórn Revolut geta einnig átt sér stað og komið í veg fyrir að hægt sé að veita tilboðið sem hluta af þessari kynningu. Revolut ber ekki ábyrgð á neinu tjóni, hvort sem það er beint eða óbeint, vegna afleiðinga, sem ætla má að ekki hefði verið hægt að sjá fyrir, af atviki sem fyrirtækið hefur ekki stjórn á, sem er ekki vegna mistaka eða vítaverðs gáleysis og sem veldur því að ekki er hægt að veita tilboðið sem hluta af þessari kynningu.
6. Ef þú hefur orðið uppvís að svikum eða efnislegri misnotkun á kynningartilboðinu (til dæmis með því að reyna að fá ósanngjarnt forskot með blekkingum) getum við hætt við tilboðið á kynningartímabilinu eða að því loknu og gripið til annarra nauðsynlegra aðgerða til að koma í veg fyrir svik og misnotkun á kynningartilboðinu .
7. Með því að taka þátt í þessari kynningu staðfestirðu að þú gerir þér grein fyrir að allur ávinningur sem þú færð sem hluta af þessari kynningu kann að falla undir tekjuskatt í landinu sem þú býrð í og/eða á því yfirráðasvæði þar sem þú ert skattskyld(ur). Það er eingöngu á þína ábyrgð að greiða hvers kyns skatta sem falla til vegna viðtöku hvers kyns fríðinda. Revolut ber enga bótaábyrgð á neinum skattalegum skuldbindingum sem komið geta til vegna viðtöku hvers kyns ávinnings sem hluta af þessari kynningu.
8. Samstarfsaðilinn sendir markaðssetningu til núverandi viðskiptavina sinna í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og beina rafræna markaðssetningu. Ef þú vilt ekki fá markaðssetningarefni frá samstarfsaðilanum verðurðu að breyta stillingunum þínum fyrir markaðssetningarefni beint hjá samstarfsaðilanum þar sem þetta er utan verksviðs Revolut. Ef þú skráir þig í Revolut sem hluta af þessari kynningu vinnur Revolut úr persónuupplýsingum þínum í samræmi við [persónuverndaryfirlýsingunni fyrir viðskiptavinum](#).
9. Þessir kynningarskilmálar eru birtir á ensku og allar þýðingar eru til upplýsingar og einungis óopinberar þýðingar. Þátttakendur í kynningunni geta ekki leitt nein réttindi út af þýddu útgáfunni. Nota skal enska útgáfu þessara kynningarskilmála í öllum málaferlum. Ef lög kveða hins vegar á um að nota eigi tungumál á staðnum verður tungumálið notað í málarekstri (sjá töfluna hér að neðan til að ákvarða hvort annað tungumál hafi forgang og skuli notað í málarekstri).
10. **Ef þú ert búsett(ur) á Spáni:** Hafðu í huga að þessi umbun er tekjuskattsskyld sem staðgreiðsluskyldar tekjur af lausafé (samkvæmt gildandi lögum og með fyrirvara um skattaákvæði á hverjum stað). Þú, sem þiggjandi umbunarinnar, verður að telja fram tekjur af lausafé í skattstofni sparifjár sem ákvarðast af heildarfjárhæð umbunarinnar og þú getur dregið staðgreidda fjárhæð frá uppgefnum tekjuskatti. Heildarupphæð umbunarinnar er umbunin sem greint er frá í kynningarboðinu

ásamt þeim skatti sem okkur ber að halda eftir. Við leggjum 19% staðgreiðsluskattinn á þessa fjárhæð og útkoman er fjárhæð umbunarinnar.

Einingin innan Revolut-samstæðunnar sem veitir þér notandareikninginn þinn sér um skipulag og framboð þessarar kynningar. Ef þú ert með kvörtun vegna þessarar kynningar geturðu sent hana beint til þessarar einingar. Upplýsingar um skráð heimilisföng allra eininga innan Revolut-samstæðunnar, gildandi tungumál og um viðkomandi lög og dómstóla sem hafa lögsögu til að skera úr um hugsanleg ágreiningsmál í tengslum við þessa kynningu, má finna hér fyrir neðan. Þú getur áfram borið fyrir þig lögboðnar reglur um neytendavernd og lög í landinu þar sem þú býrð.

Útibú/eining innan Revolut-samstæðunnar	Skráð heimilisfang	Lögin sem gilda um þessa kynningarskilmála	Hvaða dómstólar hafa lögsögu
Revolut Ltd	7 Westferry Circus, London, E14 4HD	Ensk lög	Dómstólar í Englandi og Wales.
Revolut Bank UAB	Konstitucijos ave. 21B, 08130 Vilnius, Litháen	Litháísk lög. Ef þú ert búsett(ur) í Portúgal gildir portúgalska útgáfan af þessum kynningarskilmálum og hún verður notuð í öllum málarekstri. Ef þú ert búsett(ur) í Póllandi gildir pólska útgáfan af þessum kynningarskilmálum og hún verður notuð í öllum málarekstri.	Dómstólar í Litháen (eða dómstólar í Sviss eða aðildarlandi Evrópusambandsins þar sem þú býrð).

Útibú/eining innan Revolut- samstæðunnar	Skráð heimilisfang	Lögin sem gilda um þessa kynningarskilmála	Hvaða dómstólar hafa lögsögu
Revolut Bank UAB, Sucursal en España	Með skattnúmerið W0250845E, skráð á viðeigandi hátt í fyrirtækjaskrá Madríd undir bindi 44863, blað 1, liður 8, síða M- 789831 og hjá Spánarbanka undir númerinu 1583. Heimilisfangið er Príncipe de Vergara 132, 4 hæð, 28002, Madríd (Spáni).	Spænsk lög. Spænska útgáfan af þessum skilmálum gildir og verður notuð við allan málarekstur.	Lögbærir dómstólar á Spáni.
Revolut Bank UAB sem starfar í Frakklandi í gegnum útibú sitt í Frakklandi	10 avenue Kléber, 75116 París, Frakkland (SIREN 917 420 077)	Frönsk lög. Franska útgáfan af þessum skilmálum gildir og verður notuð við allan málarekstur.	Lögbærir dómstólar í Frakklandi. Athugaðu að ef þú ert óánægð(ur) með viðbrögð okkar við kvörtun þinni getur þú vísað henni án endurgjalds til Médiateur de l'Association française des Sociétés Financières (ASF) . Þú getur dregið þig út úr þessari

Útibú/eining innan Revolut- samstæðunnar	Skráð heimilisfang	Lögin sem gilda um þessa kynningarskilmála	Hvaða dómstólar hafa lögsögu
			kynningu þér að kostnaðarlausu og án þess að þurfa að tilgreina nokkra ástæðu innan 14 daga frá því að þú tekur þátt með því að láta okkur vita í gegnum Revolut- forritið eða með því að senda okkur tölvupóst á support@revolut.c om (eyðublað fyrir afturköllun), að því tilskildu að kynningin hafi ekki verið framkvæmd að fullu eða að henni sé ekki lokið.
Revolut Bank UAB sem starfar á Írlandi í gegnum útibú sitt á Írlandi	2 Dublin Landings, North Dock, Dublin 1, Írlandi	Írsk lög	Lögbærir dómstólar á Írlandi.
Revolut Bank UAB sem starfar í gegnum útibú sitt í Hollandi	Barbara Strozzilaan 101, 1083HN Amsterdam, Hollandi	Hollensk lög	Lögbærir dómstólar í Hollandi.
Revolut Bank UAB sem starfar í gegnum útibú sitt í Belgíu	Silfurtorgið, Sq de Meeûs 35, 1000 Brussel, Belgíu	Belgísk lög	Lögbærir dómstólar í Belgíu.

Útibú/eining innan Revolut- samstæðunnar	Skráð heimilisfang	Lögin sem gilda um þessa kynningarskilmála	Hvaða dómstólar hafa lögsögu
Revolut Bank UAB, Zweigniederlassu ng Deutschland	FORA Linden Palais, Unter den Linden 40, 10117 Berlín, Þýskalandi	Þýsk lög	Lögbærir dómstólar í Þýskalandi.
Revolut Bank UAB- Succursale Italiana	Via Dante 7, 20123 Mílanó, Ítalíu	Litháísk lög	Lögbærir dómstólar á Ítalíu.
Revolut Bank UAB Vilnius Sucursala Bucuresti	15-17, Bdul. Ion Mihalache, Mindspace Victoriei, 1. hæð, skrifstofa nr. 111, Tower Center International Building, District 1, Búkarest, Rúmeníu	Rúmensk lög. Þar að auki gildir rúmenska útgáfan af þessum skilmálum og verður notuð við allan málarekstur.	Lögbærir dómstólar í Rúmeníu